



Stelpurnar úr Gróttu/KR í 3. flokki kvenna í fótbolta dvöldu í viku á USA Cup í Minnesota í Bandaríkjunum í lok júlí. Ferðin var virkilega vel heppnuð í alla staði en 24 stelpur fóru á mótið með þjálfurum og fararstjórum. Stelpurnar kepptu á USA Cup en yfir 1.200 lið léku á mótinu frá ýmsum heimshornum.

Stelpurnar úr Gróttu/KR voru til fyrirmyndar innan sem utan vallar og voru félögum sínum svo sannarlega til sóma. Báðum liðum gekk mjög vel á mótinu og stóðu stelpurnar sig gríðarlega vel. Lið 1 vann alla sína leiki og stóðu uppi sem sigurvegarar í U16 með markatöluna 28-3! Lið 2 tapaði einum leik á mótinu sem var á móti sterku liði Fylkis í 8-liða úrslitum og það í framlengingu og enduðu stelpurnar með markatöluna 15-3. Fararstjórnarnir stóðu sig ekki síður vel og stóðu vaktina frá morgni til kvölds og héldu vel utan um hópinn. Stelpurnar sköpuðu svo sannarlega dýrmætar minningar í ferðinni sem munu fylgja þeim um ókomna tíð.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP



Barnabílstólar í úrvali





BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

SEAT FIX	AIR COOL SYSTEM	LIGHT WEIGHT	ECE NORM B & A
HERO	ISO FIX	ADVANCED SIDE PROTECTION	3 POINT BELT



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málafni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlondum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Borgarblöð ehf.

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Mygla á Nesinu

Seltjarnarnesbær hefur orðið fyrir barðinu á skemmdum af völdum myglu líkt og mörg önnur bæjar- og sveitarfélög, opinberar stofnanir og einkaaðilar.

Nú hefur mygla fundist í skólahúsnæði bæjarins. Bæði í Mýrarhúsaskóla og einnig í Valhúsaskóla þar sem hún er öllu skæðari.

Framkvæmda og endurbóta er þörf. Einkum í Valhúsaskóla. Reynt verður að raska skólastarfi eins lítið og unnt. Viðgerðir munu kostað fjárhæðir líkt og annars staðar þar sem myglan hefur gert vart við sig.

Við þessu er lítið annað að gera en takast á við þennan vanda eins og best er unnt. Mygla er viðvarandi vandamál í byggingum hér á landi einkum frá ákveðnu tímabili.

Orsaka hennar er að leita í byggingaraðferðum og framkvæmdum. Því miður virðast frumorsakir hennar ekki alltaf ljósar og fáir bera ábyrgð.

Vænta verður að sá myglufaraldur sem nú gengur yfir eins og influensa verði til að fundnar verði leiðir til þess að mygluskemmdir skeki ekki skólastarf sem annað daglegt líf fólks í framtíðinni með tilheyrandi útgjöldum af almannafé.

Mygla í grunnskólanum

Unnið af krafti að endurbótum

Mygla hefur fundist í húsnæði Grunnskóla Seltjarnarness. Grunur hefur verið um að mygla væri í skólanum og því var verkfræðistofan Eflu fengin til að gera úttekt á húsnæðinu. Einstakir starfsmenn fundu fyrir einkennum og því var óskað eftir athugun. Sérfræðingar Eflu hafa skilað skýrslu um stöðu mála í Mýrarhúsaskóla en rannsókn á rakaástandi þar og innivist var framkvæmd í sumar líkt og í Valhúsaskóla. Unnið er hörðum höndum að fyrsta viðbragði fyrir báðar byggingarnar svo að skólastarf geti hafist á réttum tíma.

Niðurstöður Eflu hafa leitt í ljós að aðgerða er þörf í húsnæði beggja skólahúsanna þó mismikil séu. Ástandið er verra í Valhúsaskóla þar sem umtalsverður raki fannst víðs vegar um bygginguna og mygla í einhverjum tilvikum. Ljóst er að þrjár stofur verða ónothæfar þar til að þær hafa verið lagfærðar að fullu. Í Mýrarhúsaskóla mældist raki og mygla á einhverjum stöðum, aðallega í heimilisfræðistofu í kjallaranum og verður henni lokað þar til viðeigandi úrbætur hafa verið gerðar. Ekki verður unað við þær aðstæður sem niðurstaða rannsóknaða gaf til kynna. Strax var brugðist við og eru bæjarstjóri, starfsmenn Seltjarnarnesbæjar og skólastjórnendur í stöðugu sambandi við Eflu um réttu viðbrögðin og ráðleggingar um aðgerðaáætlun og framkvæmdir. Aðgerðaráætlun úrbótavinnunnar er og verður unnin til skemmri og lengri tíma eftir því sem þörf krefur og við á. Ýmsar aðgerðir hafa þegar verið framkvæmdar eða unnið að þeim.



Mýrarhúsaskóli eða Mýró eins og hann er oft nefndur.



TJÓNAVIÐGERÐIR



Um okkar FYRIRTÆKI

GB tjónaviðgerðir er réttínga- og málningarverkstæði með 5 stjörnu gæðuvottun frá Bilgreinasambandinu. Við erum í samstarfi við öll tryggingafélög.





Hafðu samband núna



Droghda 6-8



567-0690



tjon@tjon.is



www.tjon.is

Við þjónustum allar gerðir bíla



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingarfélagas.



Rétting og málun

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.

Getum gert fast verðtilboð í viðgerðir

Erum með bílaeigubíla á staðnum

Vinnum með öllum bílaumboðum

Barnakór Seltjarnarneskirkju

býður öll börn í 1. til 6. bekk velkomin í kórinn.

Æfingar hefjast 28. ágúst.



Kórstjórar eru Þorsteinn Freyr Sigurðsson og María Konráðsdóttir, en þau leiða faglegt starf barnakórsins.

Í Barnakór Seltjarnarneskirkju læra börnin falleg og skemmtileg lög, þau hljóta söngkennslu, læra tónleikaframkomu ásamt því að efla sjálfstraust í gegnum tónlist, leik og söng.

Æfingar eru í Seltjarnarneskirkju á þriðjudögum.

1. - 3. bekkur kl 14:30 til 15:15

4. - 6. bekkur kl 15:15 til 16:00

Skráning með nafni barns, fæðingardag og ár, ásamt símanúmeri og tölvupóstfangi foreldra, berist í á barnakor@seltjarnarneskirkja.is. Æfingar hefjast 28. ágúst.

Kórgjald er 12.000 kr á önn, en öllum er velkomið að prófa án skuldbindingar.

Þorsteinn Freyr Sigurðsson lauk mastersprófi í óperusöng í Tónlistarháskólanum Hanns Eisler Berlín og starfaði um 3 ár við óperusöng í Þýskalandi áður en hann flutti heim, þar sem hann lærði kennslufræði tónlistar í Listaháskóla Íslands. Þorsteinn hefur stjórnað Barnakór Seltjarnarneskirkju í 3 ár og Drengjakór Reykjavíkur í 2 ár, ásamt því að kenna söng, þjálfra kóra og sungið á fjölmörgum tónleikum og óperusýningum á Íslandi.

María Konráðsdóttir lauk mastersprófi í klassískum söng frá Tónlistarháskólanum í Berlín árið 2018. Á árunum 2016-2019 starfaði hún sem raddþjálfari og aðstoðaði við kóræfingar hjá Drengjakór Dómkirkjunnar í Berlín og stúlknakór Söngakademíunnar í Berlín. Árið 2020 hóf hún að bjóða upp á tónlistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 3-7 ára þangað til hún flutti til Íslands í desember 2020.



SEEDS Iceland hópurinn með brot af afrakstri sínum á Seltjarnarnesi.

Fjöruhreinsarar á Nesinu

Öflugir sjálfbóðaliðar hafa að undanförmu verið að hreinsa fjöruna á Nesinu. Um er að ræða sjálfbóðaliðar á vegum SEEDS Iceland. Ekki hefur veitt af miðað við gríðarlegt magn af alls kyns rusli sem safnaðist í fjörunni á Seltjarnarnesi.

Stjörnubrekka tekin til starfa

Um miðjan ágúst tók til starfa Leikskólinn Stjörnubrekka. Hann er staðsettur við hlið Mýrahúsaskóla og verður þrjár deildir. Öll fimm ára börn færast á þessar deildir og samhliða lokar leikskóladeildin Holt sem var staðsett í kjallara Seltjarnarneskirkju. Um er að ræða sérhæfð einingahús sem er glæsilega innréttað og henta gríðarlega vel fyrir starfsemi leikskóla. Verið er að leggja loka hönd á skólalóðina en það verk er unnið af starfsmönnum þjónustumiðstöðvar bæjarins. Þegar því lýkur munu þeir taka til við að vinna við skólalóð Mýrahússkóla og skipta út gúmmímottum og setja upp leiktæki.



við hreinsum fyrir þig

Alhliða fatahreinsun og þvottahús síðan 1966



HRADI fatahreinsun
Ægisíðu 115 - Sími 552 4900
hradi@fatahreinsun.is
www.fatahreinsun.is



HRADI

Seltjörn til sölu



Hjúkrunarheimilið Seltjörn á Seltjarnarnesi.

Fjármálaráðuneytið hefur heimilað Seltjarnarnesbæ að kanna möguleika á sölu fasteignarinnar við Safnatröð sem hýsir hjúkrunarheimilið Seltjörn. Verði af sölu heimilisins mun leigusamningur við ríkið færast á nýjan aðila við sölu þess.

Fjöldi hjúkrunarheimila var reistur í sveitarfélögum á undanförmum árum. Ástæður þess voru einkum að bæta aðbúnað og þjónustu við aldraða. Rekstur þessara heimila reyndist mörgum sveitarfélögum ofviða og hafa sum þerra gengið til baka til ríkisins eða verið seld rekstraraðilum eins og ætlunin er að gera á Seltjarnarnesi

Mikilvægt að bregðast við

Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi Samfylkingar og óháðra segir háls árs uppgjör bæjarsjóðs Seltjarnarness sýnir grafalvarlega stöðu þar sem vaxandi hallarekstur er milli ára þrátt fyrir 200 milljón króna hækkun á skatttekjum.

Rekstrarniðurstaða á fyrri hluta ársins 2023 er neikvæð um 231,7 milljónir en var neikvæð um 208,5 milljónir fyrstu sjö mánuði ársins 2022. Það blasir því við áframhaldandi rekstrarvandi sveitarfélagsins þrátt fyrir að bygging nýs leikskóla sem lofað hafi verið á kjörtímabilinu sé ekki hafin. Mikilvægt sé að bregðast við hallanum strax á þessu ári samhliða því að bæjarráð hefji vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2024. Þetta kemur fram í bókun hans á bæjarstjórnarfundum nýverið.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



 Finndu okkur á Facebook

Viðgerðir hafnar af fullum krafti

Í sumar hefur Verkfræðistofan Efla rannsakað rakaástand og innivist í skólahúsnæði Grunnskóla Seltjarnarness.

Efla skilaði ástandsskýrslu um Valhúsaskóla í júlí og Mýrarhúsaskóla í ágúst. Skýrslurnar eru báðar aðgengilegar á vef Seltjarnarnesbæjar.

Elsti hluti húsnæðis Mýrarhúsaskóla er frá því um 1950 og Valhúsaskóli var tekinn í notkun árið 1974. Líkur benda til samkvæmt skýrslu Eflu að mörg þessara vandamála hafi verið til staðar um árabíl.

Í Valhúsaskóla er raki greindur víðsvegar um bygginguna ásamt myglu.

Gerðar eru fjölmargar athugasemdir við það sem betur má fara og hefur þegar verið brugðist við athugasemdum um ástand lagna í kjallara hússins. Einnig hafa verið sett upp lofskiptitæki sem bæta eiga loftgæði innanhúss en gerðar eru athugasemdir við loftræstingu hússins. Auk þessa hefur fyrsta sóttreinsun hússins hefur farið fram.

Bæjaryfirvöld hafa samkvæmt ráðleggingum Eflu fengið öflugan verktaka til að einangra svæði og hefja strax lagfæringar á 4 kennslustofum í Valhúsaskóla sem eru í verstu ástandi og verður hafist handa strax á mánudagsmorgun (21. ágúst). Þessum stofum hefur verið lokað. Verktakinn áætla framkvæmdatími í hverju stofu geti verið um 8-12 virkir dagar.

Að auki verður farið nú þegar í markvissar aðgerðir í öllum stofum sem sýnataka sýndi merki um myglu og sóttreinsun og útskipti á byggingarefnum. Fylgt verður einu og öllu verkferlum Eflu.

Í Mýrahúsaskóla er gólfplata í kjallara skemmd af raka og greind mygla

í gólfplötu í heimilisfæðistofu. Hún er nú lokað. Þar hefjast aðgerðir við útskipti gólfefna og ílagningar á næstu dögum. Eins er þörf á að lagfæra loftræstingu auk viðgerða samkvæmt skýrslunni.

Bæjaryfirvöld og skólastjórnendur hafa fundað stíft um upphaf skólastarfs og er ljóst að talsverð röskun er í vændum. Skólastjórnendur og starfslið skólans hafa sýnt mikla útsjónarsemi við að forfæra bekki innan skólahúsanna. Mögulega mun þurfa að færa kennslu einhverra bekkjardeilda í annað húsnæði en sú sviðsmynd er til staðar hjá okkur.

Velferð nemenda og starfsliðs skólanna er fyrir öllu. Við viljum koma húsakosti skólana í gott horf eins fljótt og mögulegt er. Við væntum góðs samstarfs við starfsfólk skólanna, nemenda og foreldra í þessu vandasama verkefni.

Bæjaryfirvöld og skólastjórnendur taka þessa stöðu af mikilli alvöru og munu halda foreldrum upplýstum og framgang viðgerða og framkvæmda sem Elfa mun hafa umsjón með auk eftirlitsaðila frá Seltjarnarnesbæ.

Þetta mun krefjast samvinnu okkar allra og vona ég sannarlega að þessi verk sem reynt verður að vinna samhliða skólastarfi valdi ekki of mikilli truflun fyrir okkar góðu nemendur og öfluga starfsfólkið okkar.

Þór Sigurgeirsson bæjarstjóri.



Þór Sigurgeirsson.

Ykkar menn á Nesinu

Góð þjónusta / Fagljósmyndun / Sanngjörn sölupóknun

Ertu í huggleiðinugm um að **minnka** eða **stækka** við þig?

Erum með **kaupendur** og **seljendur** óskráðra eigna sem **skoða skipti**.

Hafðu samband og fáðu **frítt** skuldbindingalaust **verðmat**.

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

Sími 569 7000 | miklaborg.is

Ólafur

Finnbogason

lögg. fasteignasali

Sími: 822 2307

olafur@miklaborg.is

Páll

Þórólfsson

lögg. fasteignasali

Sími: 893 9929

pall@miklaborg.is



Eldri borgarar vilja eiga rödd

Í júníbyrjun var haldinn sameiginlegur fundur allra formanna öldungaráða í Kraganum. Mættir voru formenn frá Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Tilgangur fundarins var að sameina kraftana um málefni eldri borgara og sammælast um tiltekin málefni sem hægt væri að vinna að í sameiningu svo rödd eldri borgara yrði sterkari. Meðal annars kom fram hugmynd að stofna gagnabanka til að miðla upplýsingum og ýmsu nýnæmi í málaflokki eldri fólks. Gott væri að geta leitað í smíðjur hvert hjá öðru. Á fundinum kom fram að misjafnt er á milli sveitarfélaga hversu oft öldungaráð funda á ári. Fjórir fundir eru á ári á Seltjarnarnesi í Garðabæ og Kópavogi en Mosfellsbær og Hafnarfjörður eru með 6-9 fundi á ári.

Gott að eldast

Á vordögum var samþykkt þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun stjórnvalda 2023-2027- Gott að eldast <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit-skyrslur-og-skrar/>

GottAdEldast.pdf

Markmiðið er að tryggja eldra fólki þjónustu við hæfi, hvort sem um ræðir heimaþjónustu á vegum sveitarfélaga eða heilbrigðisþjónustu. Mikilvægt sé að þjónustan sé veitt þegar hennar er þörf, á forsendum fólksins sjálfs og á réttu þjónustustigi. Aðgerðaráætlunin byggir á fimm stöðum sem eru: Samþætting – Virkni – Upplýsing – Þróun – Heimili. Meginþungi aðgerða í áætluninni liggur í þróunarverkefnum sem snúast um að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þjónustu sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Áhersla er á að nýsköpun og prófanir muni nýtast til ákvarðanatöku um framtíðarskipulag þjónustu við eldra fólk. Ráðist verður í aðgerðir sem snúa að heilbrigðri öldrun með alhliða heilsuefningu, sveigjanlegri þjónustu og stórbættum aðgerðum að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk.

Öll sveitarfélögin sýndu áhuga að sækja um þátttöku í þróunarverkefninu sem fylgja aðgerðaráætluninni

„Það er gott að eldast“, en umsóknarfrestur er til 1. september næstkomandi. Það væri eftirsóknarvert ef Seltjarnarnesbær myndi sækja um að vera þátttakandi í þróunarverkefninu tengdu verkefninu.

Stefnumótun í málefnum eldri borgara

Varðandi stefnumótun í málefnum eldra fólks kom fram á fundinum að það vantar meiri aðkomu ríkis varðandi fjármagn þegar kemur að því að fólk eigi að búa heima sem lengst. Þörf er á styrkari stöðum svo að eldra fólk geti búið lengur heima. Það er gat í kerfinu gagnvart því að eldra fólk geti búið heima sem lengst. Eldra fólk er ekki einn hópur heldur margir hópar með mikilli aldursdreifingu og mismunandi þarfir. Mikilvægt er að horfa til lýðheilsu og forvarna í stefnum um málefnum eldra fólks. Athyglisvert er að á fundinum kom fram að frístundastyrkur er misjafn milli sveitarfélaga og misjafnt hvort hann sé tekjutengdur, en allir voru sammála um að þörf er

á aðkomu ríkis þegar kemur að styrkja heilsuefningu eldra fólks. Einnig er mikil þörf á frekari ráðgjöf og upplýsingum til eldra fólks varðandi réttindi í kerfinu, til dæmis um ívilnanir hjá skattinum. Vel hefur gefist að halda reglulega kynningar- og fræðslufundi og brjóta upp fundina með uppsetningu bása og samtala. Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi hyggur til að mynda á ýmsa fræðslufundi með haustinu í samvinnu við bókasafn bæjarins. Ánægjulegt er hvað félagið hefur eflst undanfarið og látið til sín taka í málefnum eldri bæjarbúa.



Hildigunnur Gunnarsdóttir.

Eldri borgurum fjölgar á Nesinu

Við lifum lengur en áður og sífellt fjölgar í hópi eldri borgara á öllu landinu. Á Seltjarnarnesi voru í janúar 2023 íbúar 60 ára og eldri um 3.495 eða rúmlega 25% af heildaríbúafjölda bæjarins. Fjöldi þeirra sem er núna á aldrinum 60 til og með 66 ára er um 414 manns. Við næstu sveitarstjórnarkosningar verður hluti þessa hóps orðnir löglegir eldri borgarar auk þeirra sem fyrir eru. Hópurinn er mjög aldursdreifður og með ólíkar þarfir og mikilvægt að Seltjarnarnesbær fari alvarlega að hugleiða vinnu við stefnumótun í málefnum þessa fjölmenna hóps. Þetta eru öflugir kjösendur sem tími er kominn til að hlusta betur á.

Hildigunnur Gunnarsdóttir, formaður fjölskyldunefndar og öldungaráðs og varabæjarfulltrúi

BÝR DANSARI Í ÞÉR?

BALLET

FJÖLSKYLDUTÍMAR

FLAMENCO

KRÍLADANS

NÚTÍMADANS

PILATES

SKAPANDI DANS

STRÁKATÍMAR

DANS FYRIR ALLA!

DANSGARDURINN.IS

Álfabakki

– Grensásvegur

– Eiðistorg

Gerðu góðverk í dag

907 2002


Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Að mála yfir rakaskemmdir

Í sumar fundust umfangsmikil rakavandamál í Valhúsaskóla og greindist mygla á öllum hæðum hússins. Tekin voru 30 sýni og greindist mygla í 25 þeirra. Að sögn sérfræðinga Eflu er ástand Valhúsaskóla talsvert verra en í öðrum sambærilegum byggingum sem byggðar voru á svipuðum tíma og ljóst að mygla er á fleiri stöðum en greindust í athugunum þeirra í vor. Það er því heilmikið verkefni framundan en samkvæmt ráðleggingum á að rífa í burtu allt rakaskemmt og myglað byggingarefni og stöðva lekavandamál sem eru ansi víða í byggingunni. Í Mýrarhúsaskóla fundust einnig talsverð rakavandamál og mygla á nokkrum stöðum. Verkefnið í Mýrarhúsaskóla er því einnig stórt en má segja að það sé þó allavega umfangsminna en í Valhúsaskóla.

Lengi hefur verið kallað eftir úttekt og viðhaldi

Síðustu ár hefur starfsfólk reglulega kallað eftir úttekt og auknu viðhaldi á byggingum skólanna okkar. Starfsfólk hefur haft áhyggjur af því að ekki hafi verið gert við rakavandamál heldur fyrst og fremst málað yfir þau. Það var svo staðfest í úttekt Eflu að víða var búið að lagfæra byggingarhluta án þess að stöðva lekann eða fjarlægja myglað byggingarefni. Ljóst er að uppsöfnuð viðhaldspörf er á báðum skólabyggingum og að sparnaður í viðhaldi síðustu ár er að kosta okkur mun stærri framkvæmd í dag.



Mikilvægt að taka niðurstöðurnar alvarlega

Þetta er verkefni sem enginn vill lenda í en mikilvægt er að taka því alvarlega og tryggja nemendum og starfsfólki skólaumhverfi sem ekki er heilsuspillandi. Við höfum séð það í nágrannasveitarfélögum að það er gríðarlega kostnaðarsamt að vanda ekki til verka og þurfa að fara í framkvæmdir oftar en einu sinni á sama húsnæðinu. Það er óboðlegt að ætlast til að nemendur og starfsfólk stundi sína vinnu og nám í kennslustofum sem við vitum að eru myglaðar. Á síðustu árum höfum við misst starfsfólk í veikindaleyfi vegna myglu og er það á ábyrgð bæjarins nú þegar við vitum af myglunni að við tryggjum öryggi starfsfólks og nemenda.

Mikilvægt að bregðast hratt og vel við

Þegar skýrsla Eflu var kynnt í bæjarráði 27. júlí síðastliðinn voru 20 dagar liðnir frá því að hún barst bænum. Núna, viku áður en skólastarf á að hefjast eru foreldrar og kennarar enn þá í óvissu um hvernig framkvæmdum og kennslu á að vera háttað í vetur. Talað er um sviðsmynd þar sem aðeins nokkrum mygluðum stofum er lokað en kennt í verði öðrum. Samt er talað um að henda þurfi öllum pappír sem hafi verið í mygluðum rýmum því hann geti haft heilsuspillandi áhrif á nemendur og starfsfólk. Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir hefði verið eðlilegt að nýta þessar sex vikur sem liðnar eru frá því skýrslan kom út til að rífa út myglað byggingarefni. Þegar því væri lokið ætti að henda pappír sem þarf að farga og svo að lokum þrifa skólann. Það er alveg ljóst að langtímauppbygging, gluggaskipti og klæðning á húsinu mun taka lengri tíma en ef búið hefði verið að fjarlægja mygluna væri hægt að hefja kennslu í umhverfi sem ekki er heilsuspillandi.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga



Guðmundur Ari Sigurjónsson.



SKRÁNING Í MATARÁSKRIFT ER HAFIN

Skráning fer fram á www.skolamatur.is

FYLGDU OKKUR Á SAMFÉLAGSMÍÐLUM

 @skolamatur

 @skolamatur_ehf

skolamatur@skolamatur.is | S: 420-2500



Bæjarhátíð Seltjarnarness

26. ágúst – 3. september 2023



**Fjölskyldudagur í Gróttu
Bæjargrill á Vallarbrautarróló**

**LEGO sýning - Sjóbað - Leiksýning - Fjölskyldugolf -
Hátíðarmessur - Listamannaspjall - Markaður á Eiðistorgi**



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

LAUGARDAGUR 26. ÁGÚST

13.00 – 16.00

LEGOsafn og sýning í Tjarnarbóli

Pétur og Rut bjóða bæjarbúum í bílskúrinn sinn á við Tjarnarból 10-12 að skoða yfir 500 gömul og ný legosett sem Pétur hefur sett saman og safnað frá árinu 1980. Elsta frá 1940 og yngsta frá 2023.



18.00 – 22.00

Bæjargrill, söngur og stemning á Vallarbrautarróló

Útihátíðarstemning í umsýn bæjarbúa með stuðningi Seltjarnarnesbæjar þar sem fjölskyldum á Nesinu býðst að hafa gaman saman. Veislutjald, borð og stólar á staðnum sem og tónlist og stemning fyrir allan aldur. Veitingar seldar á vegum íbúanevndarinnar - allar upplýsingar á FB viðburðinum: Bæjarhátíð 2023.



SUNNUDAGUR 27. ÁGÚST

11.00

Bæjarhátíðarmessa í Seltjarnarneskirkju

Leikin verður valstónlist í messunni auk þess sem danspar mun stíga fallegan vals og svífa um gólf kirkjunnar.



MÁNUDAGUR 28. ÁGÚST

18.00

Sjóbað á Seltjarnarnesi með Maju og Gróu

Mæting á bílastæðið fyrir neðan golfvöllinn þaðan sem farið verður í fjöruna, gerðar öndunaræfingar, farið í sjóbað og gleðihormón líkamans virkjuð.



FIMMTUDAGUR 31. ÁGÚST

18.00 – 18.40

Flokkstjórinn 2023, útileikhús við Seltjörn hjúkrunarheimili

Einleikurinn „Flokkstjórinn“ er um unglunga og illgresi og byggir á reynslu Hólmfríðar sem flokkstjóri í unglingavinnu. Höf: Hólmfríður Hafliðadóttir og Magnús Thorlacius.

Sýningin inniheldur gróft orðafar og er ekki ætluð börnum yngri en 10 ára.



LAUGARDAGUR 2. SEPTEMBER

10.00 – 13.00

Fjör í fjölskyldugolfi á Nesvöllum, inniaðstaða Austurströnd

Nesklúbburinn býður bæjarbúum að taka þátt í skemmtilegum þrautum í golfhermunum og puttvellinum. Heitt á könnunni og hressing fyrir börnin.



12.00 – 15.00

Fjölskyldudagur í Gróttu – fjölbreytt dagskrá

Opið í vitann – Klífurmeistarar með Spiderman – Vöflukaffi og grillaðar pylsur – BARA VIÐ Harmonikkudúett – Lífrikið við Gróttu rannsakað – Sögudýr Náttúruhúss – úrslit, sýning og fönður í Albertsbúð – Sýning og smiðja – Húlladúllan með húllafjör



Glasagarðurinn – Sýning Vessel og smiðja í Vítavarðarhúsinu

Íris Erlingsdóttir sýnir 19. aldar glasagarða, ljósmyndasýning frá Graen Studio auk þess sem börnum býðst að gera sinn eigin glasagarð úr skeljum og steinum týndum úr fjörunni.



13.00

Listamannaspjall í Gallerí Gróttu

Unnur Óttarsdóttir listakona býður í listamannaspjall um hugmyndir, þróun og gerð verka sinna á sýningunni Samtvinna í Gallerí Gróttu

10.00 – 16.00

Markaður á Eiðistorgi

Líflegur flóamarkaður á Eiðistorgi þar sem hægt verður að versla allt milli himins og jarðar í sölubásun sem selja ýmist notað eða nýtt.



SUNNUDAGUR 3. SEPTEMBER

11.00

Græn messa í Seltjarnarneskirkju

Uppskerumessa með grænmetismarkaði að athöfn lokinni. Selt verður ferskt grænmeti til styrktar innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar.



Nánari upplýsingar um alla viðburði: seltjarnarnes.is og FB síða bæjarins.

FYRIRVARI: Tilkynnt verður ef viðburðir utanhúss hliðrast til vegna veðurs.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF
ELDRI BÆJARBÚA

Frá sumarstarfsmönnum

Sumarið á Skólabraut var fremur rólegt en einnig sólríkt og skemmtilegt. Hulda og Lovísa sáu um dagskrá félags- og tómstundastarfs í sumar og lögðu upp með að gera hana einfalda en ánægjulega fyrir eldri bæjarbúa.

Í upphafi sumars var boðið upp á tækninámskeið þar sem þátttakendum var leiðbeint á snjalltækin sín. Námskeiðið var vel sótt og fengu eldri borgarar svör við hinum ýmsu spurningum. Miklar umræður mynduðust í kjölfarið og gaman að sjá hve áhugasamir og opnir þátttakendur voru við að læra eitthvað nýtt. Við vorum einnig lánsamar að fá nokkrar stelpur úr vinnuskólanum til að aðstoða okkur og þökkum við þeim kærlega fyrir.

Fastir dagskráliðir, líkt og botsía, pútt og samvera í salnum, voru vel sóttir og var ávallt kæti við völd. Annan hvern fimmtudag var svo boðið upp á bingó og félagsvist en eins og vill gerast á sumrin mættu oft færri en fleiri. Þrátt fyrir það dóu þátttakendur ekki ráðalausir og nýttu tímann í samveru og spiluðu saman.

Markmiðið var að bjóða upp á fjölbreyttar ferðir víðsvegar um borg og bæi þetta sumarið en því miður var þátttakan dræm og því var flest lagt niður. Við stöllum þökkum fyrir okkur í sumar og vona að þið hafið notið þess jafnvel og við.

Lovísa og Hulda.

Þær stöllum Lovísa og Hulda starfsmenn félagsstarfsins í sumar hafa staðið sig með miklum sóma og sendum við þeim bestu þakkið fyrir skemmtilega og góða samvinnu.

Nú liggja fyrir helstu dagskrárliðir félagsstarfsins fyrir september-desember 2023.

Vöflukaffið og kynningin á vetrarstarfinu veður í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 31. ágúst í salnum á Skólabraut kl. 15.00.

Allar upplýsingar, kynning á námskeiðum og skráning. Flest allir föstu liðirnir verða á sínum stað, einhverjar tímabreytingar verða. Ekki verður hægt að bjóða upp á bókband í vetur, ekkert verður heldur af opnu vinnustofunni í Valhúsaskóla vegna mygluvandamála og einnig falla stundir timburmanna niður vegna þessa. Vonandi verður hægt að endurvekja þessa dagskrá þegar viðgerð á húsnæðinu lýkur.

Stjórnendur félags og tómstundastarfsins og stjórnendur Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi ætla að auka samtal og vinna meira saman að því að koma ýmsum málum á framfæri.

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi boðar til félagsfundar þriðjudaginn 19. september kl. 19.30 í Bókasafni Seltjarnarnes. Aðal umræðuefni þess fundar verður um skipulags- og húsnæðismál eldri bæjarbúa. Annar félagsfundur hefur verið ákveðinn þriðjudaginn 31. október og mun hann fjalla um fyrirsjáanlegar breytingar á heilbrigðiskerfi fyrir eldri borgara. Sá fundur verður betur auglýstur þegar nær dregur. Áframhald verður á gönguferðunum á föstudögum sem félagið hefur staðið fyrir í samstarfi við íþróttafélagið Gróttu og Björnsbakarí. Gengið frá íþróttahúsinu alla föstudaga kl. 10.30.

Fimmtudaginn 21. september kl. 18.00. Grillvagninn / Haustfagnaður í salnum á Skólabraut. Skráning nauðsynleg.

Fimmtudaginn 28. september. Ferð. Farið frá Skólabraut kl. 13.00. Farin verður Nesjavallaleið um Þingvelli. Haustlitirnir. Heimsækjum Gljúfrastein, hús skáldsins og ljúkum ferðinni í Blik sem er glæsilegt klúbb/kaffihús kylfinga í Mosfellsbæ. Skráning nauðsynleg.

Dagskráin: Dagskráin verður ekki borin út til eldri borgara að þessu sinni, hún verður þó prentuð í góðu upplagi og dreift á kynningarfundinum. Dagskráin kemur til með að liggja frammi á Skólabraut, Eiðismýri og á Bæjarskrifstofunum. Einnig er hægt að fá hana senda í tölvupósti. Dagskráin í heild sinni er aðgengileg inni á heimasíðu bæjarins. Alla daga birtist dagskráin í raðauglýsingum Morgunblaðsins, tilkynningar eru settar inn á fb síðu eldri borgara, félag eldri borgara sendir út póst og Nesfréttir birta yfirlit dagskrár í hverjum mánuði. Allar nánari upplýsingar um fyrirkomulag, ferðir, skráningu ofl. eru hjá Kristínu í síma 8939800. Netfang: kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is

Það eru allir velkomnir til þátttöku í félagsstarfinu og vonumst við til að sjá sem flesta í vetur.

Jáverk og Gróttu með
samstarfssamning



Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri Jáverk og Þróstur Þór Guðmundsson formaður Gróttu takast í hendur að lokinni undirritun samstarfssamningsins.

Íþróttafélagið Gróttu og fyrirtælið Jáverk hafa gert með sér samstarfssamning þar sem Jáverk verður einn af aðalbakhjörllum félagsins til ársins 2026. Jáverk er öflugt verktakafyrirtæki sem einblínir á traustan og ábyrgan rekstur. Jáverk vinnur nú að uppbyggingu Gróttubyggðar, nýrrar íbúðabyggðar vestast á Seltjarnarnesi, þar sem áður var iðnaðarhverfi við Bygggarða. Í fyrri hluta verkefnisins, sem nú þegar er hafin uppbygging á, verða um 130 íbúðaeiningar af öllum stærðum og gerðum sem afhentar verða nýjum eigendum á komandi misserum með tilheyrandi fjölgun íbúa Seltjarnarness.

Gróttu fagnar því að hafa náð samkomulagi við Jáverk um komandi samstarf sem mun koma sér mjög vel félagið. Samningurinn er við Gróttu í heild sinni og munu allar deildir félagsins njóta góðs af stuðningi Jáverks. Gróttu treystir á stuðning öflugra bakhjarla eins og Jáverks til að geta haldið úti svo metnaðarfullu íþróttastarfi á Seltjarnarnesi sem raun ber vitni. Þróstur Þór Guðmundsson formaður aðalstjórnar Gróttu og sem undirrituðu samninginn. Þróstur kveðst fagna því að Jáverk hafi bæst við í hóp styrktaraðila félagsins. Frábært væri að fá Jáverk í hóp styrktaraðila Gróttu. Styrkurinn komi til með að nýtast vel við að styrkja enn frekar öflugt íþróttastarf á Seltjarnarnesi.

Gluggaskipti
og glerjun

- Íslenskur húsasmíðaverkaki með íslenskum smiðum.
- Sérhæfing í gluggaskiptum og glerjun. Gæða vottaðir timbur/ál gluggar.
- Hægt er að fá tilboð í nýja glugga ásamt ísetningu í heildarpakka þar sem við sjáum um ferlið frá upphafi til enda.

Hafa samband Kobbi: 845 9596.
Heimasíða: www.jeiriks.com

Fast þær sækja sjóinn á Nesinu



Sundkonurnar halda til sjávar á Seltjarnarnesi klukkan sjö að morgni

Högni Óskarsson geðlæknir var að skokka í kringum Nesið upp úr kl. 7 að morgni fyrir nokkru. Þá kom hann auga á þessar hressu konur á leið í sjóinn, sem þær gera reglulega.

Hann sagði að kvæði Ólínu Andrésdóttur um Suðurnesjamenn sem þekkt varð undir lagi Sigvalda Kaldalóns hafi komið í hugann en þar stendur „fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn“. Konurnar á Nesinu sækja sjóinn fast líkt og útvegsmenn Suðurnesja forðum þótt í öðum tilgangi sé. Sjósund er orðið algengt sport og heyfing hér á landi og samkvæmt nýlegum fréttum er mikill meirihluti sjósundsfólks konur.

Er hleðsla rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málið með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi

Hlutlaus úttekt og ráðgjöf fyrir húsfélög um fyrirkomulag rafbílahleðslu og framkvæmdaáætlun. Útvegum og berum saman tilboð og aðstoðum við styrkjaumsóknir.

» Þarf stærri heimtaug?

» Hvaða lausn hentar best?

» Er kerfið búið álagastýringu?

» Sjálfvirkir greiðslu- og innheimtakerfi?

• EIGNAumsjón

20 ára

thjonusta@eignausmsjon.is | eignausmsjon.is

AS WE GROW

ICELAND

ALPACA PEYSUR

KLAPPARSTÍG 29

ASWEGROW.IS

FALLEGIR LEGSTEINAR

Á góðu verði

Verið velkomin

Eyrartröð 16
220 Hafnarfirði

Opið kl. 11-16 virka daga

Bergsteinar

legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði

sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Markaður á Eiðistorgi

2. september

Markaður verður í Eiðistorgi laugardaginn 2. september. Mæðgurnar Alexandra Hermannsdóttir og Iris Gústafsdóttir hárgreiðslukona á Nesinu hafa veg og vanda af markaðnum. Þær stóðu fyrir markaði á Eiðistorgi á liðnu vori sem heppnaðist ágætlega. Alls voru 34 sölubásar sem allir urðu allir fullbókaðir.



Þær ákváðu að ef markaðurinn á liðnu vori gengi vel að endurtaka hann með haustinu. Nú verður það raunin og gera má ráð fyrir viðlíka fjölda sölubása. Með þessu vilja þær hleypa meira lífi á torgið. Fá fólk til að koma saman, versla og hafa gaman af. Með þessu eru þær að endurvekja markaðsstarf sem var á Eiðistorgi fyrir rúmum áratug og heppnaðist vel. Nú er um að gera að notfæra sér samkomuna og streyma á torgið.

Foreldramorgnarnar á Eiðistorgi

Okkur í Óskanda finnst gaman að vera hluti af samfélaginu í hverfinu okkar og eitt skref í þá átt er að bjóða upp á foreldramorgna á föstudögum sem við köllum Kríladans, segir Guðrún Óskarsdóttir skólastjóri Óskanda. Samverustundin er ókeypis og allir sem hafa áhuga geta skráð sig á heimasíðunni okkar, dansgardurinn.is/orskandi. Við erum búin að auka við tímum á haustönn þar sem færri komust að en vildu á síðustu önn. Í vetur skiptum við hópnum eftir þroska til að þjóna hverju þroskastigi betur. Kríladans 1 er fyrir börn og foreldra barna sem eru 2 mánaða þar til þau eru að byrja að skriða og Kríladans 2 er fyrir börn og foreldra barna sem eru farin að skriða og þar til þau eru farin að ganga.



Það sem gerir þessa tíma ólíka sumum öðrum foreldramorgnum er að sami hópurinn hittist vikulega í nokkrar vikur, áherslan er á bamið og hreyfiproskaferlið sem börn fara í gegnum fyrsta árið. Við byrjum samverustundina á frjálsum leik og spjalli og svo syngjum við, dönsum og leikum saman. Foreldramorgnanir eru líka kjörið tækifæri til að hitta aðra foreldra með ung börn og afar, ömmur og frændur, frænkur og aðrir ummönnumunaraðilar eru auðvitað velkomin líka, segir Guðrún.



Óskandi er nú að hefja sitt fimmta starfsár. Skólinn hefur frá byrjun haft það að leiðarljósi að bjóða upp á jákvætt, faglegt og uppbyggilegt umhverfi þar sem boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn og fullorðna. Við erum hluti af stærri heild þar sem Óskandi er hluti af Dansgarðinum sem einnig samanstendur af Klassíska listdansskólanum, Dansi fyrir alla og ungmennadansflokknum Forward. Það er spennandi vetur framundan í Dansgarðinum og við hlökkum til að byrja nýtt dansár, segir Guðrún.



Útfararstofa Íslands

www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455




Útfararstofa Hafnarfjarðar

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

f.á FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

FJARNÁM

Skráning: 18. ágúst - 3. september
á slóðinni www.fa.is/fjarnam
Önnin hefst 6. september



Vetrarstarf Seltjarnarneskirkju að hefjast

Sunnudagaskólinn í Seltjarnarneskirkju færir til kl. 13

Vetrarstarfið í Seltjarnarneskirkju hefst í byrjun september. Stærsta breytingin frá fyrri árum er sú að sunnudagaskólinn er ekki lengur kl. 11 heldur færir hann til kl. 13. Sóknarprestur og organisti safnaðarins sjá um sunnudagaskólann.

Sunnudagaskólaskólastarfið verður fjölbreytt og skemmtilegt í vetur. Sunnudagaskólinn verður í kirkjunni og fönður og alls konar verkefnavinna fer fram í safnaðarheimilinu. Sunnudagaskólinn einkennist af miklum söng og fræðslu. Eftir hvern sunnudagaskóla verður boðið upp á hressingu í safnaðarheimilinu.

Æskulýðsstarf með fermingarbörnum fer fram á sunnudagskvöldum í kirkjunni.

Barnakórinn byrjar æfingar í lok ágúst. Þau Þorsteinn Freyr Sigurðsson og María Konráðsdóttir eru stjórnendur. Þau eru bæði hámenntuð í söng og söngstjórn. Þau börn sem kjósa að vera með í kórnum hljóta einstaklega gott og þroskandi tónlistaruppeldi sem þau munu búa að um alla framtíð.

Starf fyrir 6-9 ára börn fer fram á mánudögum kl. 16-17.

Foreldramorgnar eru á miðvikudögum kl. 10-12.

Karlar 67 ára og eldri koma í Karlakaffi á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 14-16. Þar er spjallað um alla heima og geima. Gott kaffi og með því.

Kyrrðarstundir eru á miðvikudögum kl. 12. Þar getur fólk komið og borið fram bænarefni sín. Léttur málsverður er á eftir í safnaðarheimilinu.

Morgunkaffi er á miðvikudögum kl. 9-11. Gestir koma í heimsókn og spjalla um margs konar efni.

Starf með eldri bæjarbúum er síðasta þriðjudag hvers mánaðar í hádeginu eða eftir hádegðið. Hver samvera er auglýst sérstaklega.

Helgistundir eru á Seltjörn þriðja sunnudag hvers mánaðar.

Helgistundir eru á Skólabrautinni annan þriðjudag hvers mánaðar kl. 13.30.

Fræðslumorgnar eru á sunnudögum kl. 10. Þeir hafa haslað sér völl í safnaðarstarfinu og þykja ómissandi.

Messur eru alla sunnudaga kl. 11 í Seltjarnarneskirkju.

Sóknarnefndarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði.

Veggurinn Gallerí er í safnaðarheimilinu. Þar sýna myndlistarmenn myndir sínar einn mánuð í senn. Fram hefur komið mikill áhugi myndlistarmanna að sýna myndir sínar.



Eins og fram hefur komið er starfið í Seltjarnarneskirkju fjölbreytt og hentar fólki á ýmsum aldri. Allir eru velkomnir að taka þátt í starfinu. Einkunnarorð okkar eru: „Seltjarnarneskirkju – okkar annað heimili.“

HAUSTÖNN 2023

HEFST 11. SEPTEMBER

Skráning
er hafin á
danskolibb.is

Reykjavík
Vesturbær
Grafarholt

Garðabær
Ásgarður

Kópavogur
Sporthúsið

DANSDEILD - SÖNGLEIKJADEILD - TÆKNITÍMAR -
BARNADANSAR - DANSKEPPNIR - DANSFERÐIR - TÆKIFÆRI

www.danskolibb.is
 danskolibb
 Dansskóli Birnu Björns



Hátt í 80 Gróttustelpur á Síamótinu

75 Gróttustelpur úr 5., 6. og 7. flokki spiluðu á Síamótinu um miðjan júlí, stærsta fótboldmóti landsins, sem er haldið ár hvert í Kópavogi. Mótið var í ár haldið í 39. sinn. Gróttu fór með 11 lið á mótið, þrjú úr 7. flokki, fimm úr 6. flokki og þrjú úr 5. flokki.

Leikið var á vallasvæðum Breiðabliks föstudag, laugardag og sunnudag en mótið hófst með skrudgöngu á Kópavogsvelli á fimmtudagskvöld þar sem gleðin var allsráðandi. Síamótið verður að teljast hápunktur ársins hjá knattspyrnustúlkum um allt land, þar sem fótballi er spilaður í þrjá daga og ógleymanlegar minningar skapaðar. Gróttustelpur mættu ákveðnar til leiks, sýndu dugnað og baráttuvilja og spiluðu fallegan fótballa. Gróttuliðin hétu öll eftir leikmönnum meistaraflokks kvenna líkt og síðustu ár og skapaði það góða stemningu. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum kíktu leikmenn meistaraflokks kvenna á sín lið um helgina sem vakti mikla lukku meðal stelpnanna.

Þrjú Gróttulið fór heim með bikar og enn fleiri komust í undanúrslit en öll liðin stóðu sig ótrúlega vel. Gróttu María Lovísa í 6. flokki sigldi sigri heim í úrslitaleik Selfoss, Gróttu Margrét Rán í 6. flokki sigraði Þrótt í úrslitaleik og Gróttu Lilja Scheving vann einnig sinn úrslitaleik í 7. flokki. Gróttu Rakel í 6. flokki komst einnig í undanúrslit og nældi sér í 3. sætið eftir góðan sigur gegn KA. Gróttu Lilja Lív í 5. flokki komst einnig í undanúrslit og tryggði sér 3. sætið eftir góðan sigur á ÍA í lokaleik. Gróttu Jórunn María og Gróttu Edda Steingrims komust einnig í undanúrslit í 7. flokki þar sem Gróttu Jórunn lenti í 3. sæti eftir flottan sigur gegn Fjölni og Gróttu Edda endaði í því fjórða.

Gróttustúlkur höfðu beðið lengi í eftirvæntingu eftir Síamótinu og það má segja að það hafi heldur betur staðið undir væntingum. Stelpurnar stóðu sig gríðarlega vel og eru eflaust farnar að telja niður í næsta Síamót!



Gróttustrákar stóðu sig frábærlega

- Gróttu fékk Háttvísiverðlaun

Fótballastrákarnir í sjötta flokki hjá Gróttu stóðu sig allir frábærlega vel á Króksmóti Tindastóls á Sauðárkróki um helgina, 12. til 13. ágúst. Gróttu mætti með sex lið sem mörg börðust um efstu sætin og sýndu meistarataktu.

Gaman er að segja frá því að Gróttu fékk "Háttvísiverðlaun" frá mótsstjórn fyrir hegðun leikmanna og foreldra á mótinu og frágang í skólastofum sem liðin gistu í.



Öflugir en prúðir Gróttustrákar á Króksmóti með Háttvísiverðlaunin.



Draumaferð til Þýskalands

Gróttu í 3. flokki karla í handbolta fór í sannkallaða draumaferð til Þýskalands um miðjan júnímánuð. Strákarnir dvöldu fyrstu dagana í Leipzig þar sem þeir æfðu og léku þrjá æfingaleiki við heimamenn.

Fyrstu tveir leikirnir voru við jafnaldra strákanna frá Leipzig en seinasti leikurinn var gegn úrvalsliði Saxlands-héraðs. Leikirnir gengu frábærlega. Okkar strákar léku gríðarlega vel og unnu alla þrjá leikina örugglega. Seinasta daginn í Leipzig bauð atvinnu- og landsliðsmaðurinn Viggó Kristjánsson strákunum heim til sín í grill og spjall. Strákarnir nutu heimsóknarinnar vel og þökkum við Gróttumanninum kærlega fyrir heimbóðið.

Seinustu þrír dagar ferðarinnar voru í Köln þar sem Final 4 í meistaradeildinni fór fram í glæsilegri Lanxess-íþróttahöllinni. Þar sáu strákarnir hverja stórstjórnuna á fætur annarri og að lokum Magdeburg með Gísli Þorgeir Kristjánsson í fararbroddi verða Evrópumeistara eftir frábæra leiki. Ferðin mun án efa skilja eftir ótal minningar enda vel heppnuð ferð hjá strákunum.

Handboltaskóli Gróttu

Undanfarnar þrjár vikur hefur Handboltaskóli Gróttu farið fram í íþróttahúsinu. Samhliða handboltaskólanum fór Afreksskóli Gróttu fram en hann var fyrir eldri krakka og unglinga.



Mikil og góð þátttaka var á námskeiðinu og greinilegt að krakkarnir og unglingarnir hafa beðið í ofvæni eftir að komast aftur í handbolta eftir sumarfríð. Skólastjóri handboltaskólans var Patekur Pétursson Sanko en auk hans leiðbeindu þjálfarar Gróttu og leikmenn meistaraflokk íðkendunum.

Á hverjum föstudegi fór fram heimsmeistaramótið en þá var öllum þátttakendum skipt í lið og leikið mót þar sem einn sigurvegari stóð upp úr. Að auki voru afhend ein risaverðlaun fyrir besta liðsfélagann. Sá átti að vera hvetjandi og góð fyrirmynd annarra í liðinu.





Frábær vika á Partille Cup

4. og 5. flokkur karla og kvenna í handboltanum í Gróttu fór á stærsta og flottasta handboltamót í heimi, Partille Cup dagana 2. til 9. júlí síðastliðinn. Á mótinu léku rúmlega 20 þúsund keppendur frá öllum heimshornum. Gróttuhópurinn taldi 75 manns og tefldi fram sjö liðum.

Liðin léku í riðlakeppni fyrstu keppnisdagana þar sem Gróttuliðin mættu fimm andstæðingum. Á föstudeginum og laugardeginum léku liðin síðan í útsláttarkeppninni þar sem liðin komust mislangt. Nær öll Gróttuliðin komust í A-úrslitin sem þýddi að þau léku gegn erfiðum andstæðingum á föstudeginum og laugardeginum. Bestum árangri náði bæði strákaliðin í 13 ára aldursflokknnum sem fóru alla leið í 16 liða úrslit A-úrslitanna. Öll liðin okkar stóðu sig vel innan sem utanvallar. Okkar krakkar fengu mikið hrós fyrir umgengni og framkomu.

Fyrir utan keppnina sjálfa var dagskráin þétt setin. Krakkarnir fóru í vatnsrennibrautargarðinn Skara Sommarland, sáu íslenska U17 ára landsliðið ná 5. sætinu á opna Evrópumótinu sem var haldið samhliða Partille Cup. Krakkarnir fóru í Liseberg, glæsilegan skemmtigarð í miðbæ Gautaborgar, þeir kíktu í verslunarleiðangur, nutu lífsins við Kásjón vatnið í Partille, horfðu á ótal handboltaleiki og margt fleira. Segja má að vikan hafi verið viðburðarík og skilur eftir ótal minningar hjá Gróttukrökkunum.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

TAKTU MÝKTINA MEÐ!



Taktu mýktina með
Allskonar góðar jóga/æfingadýnur fyrir haustið.
Settu þér góðan ásetning og taktu mýktina með.



Tryggðu næringargrunninn með hinum vönduðu Viridian
Ef grunnnæringin er í lagi á líkaminn svo miklu auðveldara með að heila sig sjálfur.

3JA DAGA
ENDURRÆSINGAR

“Ekki bara líkaminn sem endurnærðist, maginn róðist, xálin varð léttari og mér fannst ég hreinlega svífa um. Öðrúlega bragðgott og vel uppsettir dagar. Gæti hreinlega orðið háð þessum stíl systranna.”
Þórunn Dögg róðgjafi og þúsundþjótzmíður.

3ja daga endurræsing
Kynntu þér hina vinsælu og ljúfu 3ja daga endurræsinguna sem fram fer í september og október. Sala á plássum hafin.



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-17
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
[@systrasamlagid](https://www.instagram.com/systrasamlagid)
Sími: 511 6367

DAGSKRÁ SEPTEMBER 2023

24. ágúst kl. 17:00

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Unnur Óttarsdóttir
opnar sýningu
sína **Samtvinnu**.

Sýningu lýkur
16. september.



2. september kl. 13:00

GALLERÍ GRÓTTA LISTAMANNASPJALL

Unnur Óttarsdóttir, listakona
fer yfir þróun og gerð verkanna
og hugmyndirnar sem liggja að
baki. Gestum gefst tækifæri til
að varpa fram spurningum og
hugrenningum og vera þannig
í beinni samræðu við Unni.



UPPSKERUHÁTÍÐ SUMARLESTURS – 8. september kl. 16:00 - 16:45



Lestrarhestar sumarsins fá **verðlaun og
viðurkenningar** fyrir þátttöku í sumarlestrinum.

Rithöfundahjónin **Yrsa Þöll**
Gylfadóttir og **Gunnar Theodór**
Eggertsson lesa upp úr og kynna
skemmtilegu barnabækurnar sínar.



Við höldum upp á
Bókasafnsdaginn, alþjóðadag
læsis, 8. september,
með skemmtilegum ústillingum.

13. september kl. 17:00 - 17:30

SÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNUM

Lesnar verða sögurnar **Múmínsnáðinn**
og **gullna laufið** eftir Tove Jansson og
Disney-sagan **Skellur og haustævintýrið**.



16. september

FÖNDURFJÖR kl. 11:00 - 14:00

Sæunn barnabókavörður býður
börnum og fjölskyldum þeirra að gera
föndur á Degi íslenskrar náttúru.
Bækur og efni tengt náttúrunni í
forgrunni á safninu þennan dag.



LESID FYRIR HUND kl. 11:30 - 12:30

Börnum býðst
að lesa sér til
ánægju fyrir
hunda sem
eru sérstaklega
þjálfaðir til
að hlusta á
börn lesa.



Sex börn komast að í hvert skipti.
Skráning: saeunno@seltjarnarnes.is

18. september kl. 19:30 - 20:30

BÓKMENNTAKVÖLD

Sveinbjörg
Sveinbjörnsdóttir
rithöfundur fjallar um
og les upp úr bók sinni
Aldrei nema vinnukona.
Kaffi og kruðerí.



21. september kl. 17:00 - 18:30

GALLERÍ GRÓTTA SÝNINGAROPNUN

Ragnheiður Gestsdóttir
opnar myndlistarsýningu
sína. Sýningu lýkur
14. október.



Opnunartími: Mán. – fim. 10 – 18:30, fös. 10 – 17 og lau. 11 – 14

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn
Seltjarnarness**